



Reykjavík 28. apríl 2022

Niðurstaða athugunar á verklagi hjá Verði tryggingum hf. sem beindist að innra eftirliti hjá félaginu

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf vettvangsathugun hjá Verði tryggingum hf. (félagið) í september 2021.

Markmið athugunarinnar var að fá yfirsýn yfir verklag og verkferla sem snúa að störfum framlínustarfsmanna við sölu váttrygginga til einstaklinga og hvort virkt eftirlit sé haft með störfum þeirra í samræmi við lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi (vtsl.) og viðmiðunarreglur Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) um stjórnkerfi váttryggingafélaga (EIOPA-BoS-14/253).

Úrtaksaðferð var beitt með það að markmiði að sannreyna nákvæmni og stöðluð vinnubrögð við gerð váttryggingasamninga.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í desember 2021. Með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina gerði fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdir við félagið:

- Framkvæmd við sölu váttrygginga til einstaklinga er ekki í öllum tilfellum í samræmi við skjalfesta vinnulýsingu og fylgni við skráð verklag því ekki fullnægjandi, sbr. almennar kröfur til stjórnkerfis og innra eftirlits í 1. mgr. 39. gr. og 44. gr. vtsl., að teknu tilliti til viðmiðs 53 í viðmiðunarreglum EIOPA.
- Skjölun, framkvæmd, skráning og eftirlit við nýsölu váttrygginga til einstaklinga er ábótavant, sbr. almennar kröfur til stjórnkerfis og innra eftirlits í 1. mgr. 39. gr. og 44. gr. vtsl., að teknu tilliti til viðmiðs 53 í viðmiðunarreglum EIOPA.